



## 512. Stjórnarfundur haldinn 8. nóvember 2018 kl:18:00

### Mættir:

**Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).**

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ vegna umsóknar Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags um styrk úr fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Veittir voru tveir styrkir annars vegar til Nóranámskeiðs að upphæð 50.000-kr. og hins vegar til skyndihjálparnámskeiðs að upphæð 100.000-kr. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ þar sem verið er að minna á ráðstefnu um framtíðarskipulag íþróttamála. **Móttekið.** Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar og Guðlaugi H. Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfissviðs Reykjanesbæjar þar sem þeir svara erindi knattspyrnudeildar Keflavíkur vegna lokunar á inngangi inn á Nettóvöll við Sunnubraut gegnt Fjölbrautaskóla Suðurnesja. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ en stjórn UMFÍ vill sérstaklega vekja athygli á tveimur tillögum. Landsmót 50+ og unglíngalandsmóti einnig vegna notkunar tóbaks og slíkra vímugjafa. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Sighvati Jónssyni fréttamanni Stöðvar 2 - fyrirspurn vegna ferðastyrks barna og meðferð söfnunar í ferðalög. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá UMFÍ drög að stefnu í íþróttamálum. **Móttekið.**

### 3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á Hafþór Barða Birgisson íþrótt- og tómskundafulltrúa Reykjanesbæjar og Guðlaug H. Sigurjónsson sviðsstjóra umhverfissviðs Reykjanesbæjar fyrir hönd knattspyrnudeildar Keflavíkur vegna lokunar á inngangi inn á Nettóvöll við Sunnubraut gengt Fjölbrautaskóla Suðurnesja (sjá innkomin bréf).

### 4. Námskeið

Námskeið í Nóra skráningar- og greiðslukerfi verður haldið þriðjudaginn 13. nóvember og námskeið í skyndihjálpar verður haldið miðvikudaginn 14. nóvember. Bæði námskeiðin verða haldin í félagsheimili okkar að Sunnubraut.

### 5. Jólblað Keflavíkur

EH sagði frá því að auglýsingaöflun væri nánast búin. Ein deild hefur skilað inn grein og myndum. Stefnt er að því að blaðið verði borið út helgina 7. – 9. desember.

### 6. Önnur mál

EH mætti á 10 ára afmæli Almannaheilla sem haldið var 7. nóvember í Veröld – hús Vigdísar. Geðhjálpar hlaut viðurkenninguna Fyrirmyndin 2018

EH hefur pantað 16 miða á þorablótið. Hver og einn stjórnarmaður sér um að greiða sína miða.

Körfuknattleiksdeild býður aðalstjórnarmönnum og mökum á steikarhlaðborð deildarinnar föstudaginn 9. nóvember. Fjórir stjórnarmenn ætla að þiggja boðið.

Næsti fundur 22. nóvember kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:00 Fundinn ritaði BS.

